

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/65/EB

frá 22. júlí 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 86/609/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni

(Texti sem varðar EES)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 23. mars 1998 samþykkti ráðið ákvörðun 1999/575/EB um aðild Bandalagsins að Evrópusamningnum um verndun hryggdýra sem notuð eru í tilraunum og öðrum vísindalegum tilgangi ⁽⁴⁾ (hér á eftir nefndur samningurinn).
- 2) Framkvæmdargerð samningsins er tilskipun ráðsins 86/609/EBE ⁽⁵⁾ sem felur í sér sömu markmið og samningurinn.
- 3) Ákvæði II. viðauka við tilskipun 86/609/EBE, sem taka til viðmiðunarreglna um aðbúnað dýra og umhirðu koma í stað viðbætis A við samninginn. Ákvæðin í viðbæti A við samninginn og viðaukunum við fyrrnefnda tilskipun eru tæknilegs eðlis.
- 4) Nauðsynlegt er að tryggja að viðaukarnir við tilskipun 86/609/EBE séu í samræmi við nýjustu framfarir á sviði vísinda og tækni og niðurstöður úr rannsóknum á viðkomandi sviðum. Nú sem stendur er aðeins hægt að samþykka breytingar á viðaukunum með tímafrekri málsmeðferð, að undangenginni sameiginlegri ákvörðun, sem hefur þær afleiðingar að efni þeirra er orðið úrelt miðað við nýjustu framfarir á sviðinu.

5) Samþykka skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁶⁾.

6) Því ber að breyta tilskipun 86/609/EBE til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi greinar verði felldar inn í tilskipun 86/609/EBE:

„24. gr. a

Samþykka skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun, sem varða þau atriði, sem um getur hér á eftir, í samræmi við málsmeðferðaregluna sem um getur í 2. mgr. 24. gr. b:

— viðaukana við þessa tilskipun.

24. gr. b

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 16. september 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 25 E, 29.1.2002, bls. 536.⁽²⁾ Stjtið. EB C 94, 18.4.2002, bls. 5.⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 2. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. mars 2003 (Stjtið. EB C 113 E, 13.5.2003, bls. 59) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 19. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 222, 24.8.1999, bls. 29.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANNO

forseti.
